

**Mættir:** Björn Sigurðsson formaður, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Leifur Guðni Grétarsson mótastjóri, Viktoría Gísladóttir gjaldkeri, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Guðrún, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, Júlía Þorvaldsóttir, Árni Stefánsson og Hörður Oddfríðarson

**Afboða, mæta ekki :** Guðrún Pálsdóttir

**Fundur 29.04.2024 settur kl. 18.00 (almennur stjórnarfundur hófst kl: 19)**

### 1. Fundur stjórnar

- a. Áður en formlegur stjórnarfundur hófst fór stjórn (án starfsmanna) yfir skema hvað varðar fundarmenningu og fundarvenjur þar sem farið var yfir hvernig stjórnarmenn upplifa fundina og geta komið með ábendingar þar að lútandi. Þetta var gert til að gera fundi skilvirkari og árangursríkari. Margir góðir punktar komu af fundinum sem tekið verður tillit til.
- b. Rædd voru starfsmannamál og beiðni um launaleiðréttingu til handa starfsmanna í takt við vísitölu og hvernig launaþróun hefur verið hjá þeim samböndum sem við berum okkur saman við. Tillögur sem formaður og varaformaður voru búnir að móta og kynntar voru á fundinum voru samþykktar.

### 2. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

### 3. Mót og starfsemi

- a. ÍM 50 var haldið í Laugardalslaug 12.-14. apríl. Sundfélagið Ægir var samstarfsaðili SSÍ á mótinu. Mótið fór vel fram og tókst mjög vel. Bein útsending frá streymi okkar var á RÚV 2 alla helgina. Keppendur voru tæplega 190. Það tókst einstaklega vel að manna mótið og var fullmannað í allar stöður nokkrum dögum fyrir mót. Nokkur met voru sett á mótinu og þar stendur hæst 5 ára gamalt eigið Íslandsmet sem Anton Sveinn sló í 100 m bringusundi. Margir sundmenn náðu lágmarkum á EM50, EMU og NÆM. Að venju heimsótti forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, okkur og afhenti Ásgeirsbikarinn fyrir besta árangur á mótinu en hann hlaut Anton Sveinn fyrir 200 m bringusund. Einnig mættu þau Sigríður og Pétur og veittu Kolbrúar og Pétursbikarinn.
- b. IMOC – Íslandsmeistaramót Garpa verður haldið í Ásvallalaug 3. og 4. maí. Mikil þátttaka og góð stemning í aðdraganda móts. Umræða var tekin varðandi þjónustugjöld í tengslum við mótið og almennt fyrir Garpa. Endurskoða þarf reglugerð um greinar og greinaröðun.
- c. Á ÍM 50 var skrifað undir samning við 4 sundmenn um styrk úr afrekssjóði. Þetta voru þau Anton Sveinn Mckee, Snæfríður Sól, Snorri Dagur og Jóhanna Elín.
- d. Vel sóttur formannafundur var haldin 18. apríl síðastliðin í húsakynnum ÍSÍ. Fundarstjóri var Valdimar Svavarsson formaður knattspyrnudeildar FH. Formaður SSÍ hélt erindi um það helsta sem verið hefur á döfni upp á síðkastið og fór jafnframt yfir tekjuöflun SSÍ þ.e hvernig tekjur koma inn í hreyfinguna bæði í formi styrkja í gengum afrekssjóð og þjónustugjöld. Leifur Guðni mótastjóri var með kynningu á nýju mótakerfi og gagnagrunn fyrir sundfólk sem heitir Swimify en ætlunin er að kynna það betur fyrir félögum á næstunni. Leifur fór einnig yfir nýja streymiskerfið okkar sem hefur tekið miklum framförum með nýju kerfi. Þá fór Eyleifur yfir það helsta úr afrekstarfinu okkar. Góð umræða skapaðist á fundinum og margar spurningar komu fram.

- e. ÍSÍ hefur fallist á beiðni okkar um aukafjárveitingu þar sem að ekki verður hægt að æfa í 50 m laug hér á landi í júlí vegna viðgerða á mannvirkjum. Þetta gerir okkur kleift að fara með Ólympíufara okkar erlendis til æfinga á miklvægum tíma í aðdraganda Ólympíuleika.
- f. Verið er að opna fyrir umsóknir á atburðadagatali fyrir næsta sundár. Komin er upp síða með umsóknarformi sem Leifur Guðni kynnti á fundinum. Farið verður yfir atburðardagatal á næsta fundi.
- g. Aðstöðumál í laugum í Reykjavík ÍTR og ÍBR. Næsti fundur með aðilum verður 7.maí.
- h. Búið er að senda uppsögn á samningi við Advania vegna heimasíðumála. Við höfum ekki fengið formleg viðbrögð við uppsögn okkar eða staðfestingu en málið er í vinnslu.
- i. Samfélagsmiðlar Alexander Jónsson var með okkur á Teams og fór yfir hugmyndir um hvað betur má gera í Social Media með sérstökum fókus á TikTok.

#### 4. Afreksmál

Verkefni sumarsins eru: EM50, EMU Tastrup, NÆM og Ól

#### 5. Fundargerðir og skýrslur innan SSÍ

Farið yfir fund dómaranefndar nr. 124 frá 24. Apríl.

#### 6. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
25.04.2024	Erindi frá vinnumálastofnun	VMS/GM
23.04.2024	Bók um þáttöku Íslands í Ól í London 1948	ÞGS

#### 7. Staðfesting meta

##### 50 metra laug

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
100m bringusund	Anton Sveinn McKee	SH	01:00,21	12.04.2024	RVK
Unglingamet Grein :	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
50m baksund	Guðmundur Leo Rafnsson	ÍRB	00:26,80	13.04.2024	RVK
50m flugsund	Birnir Freyr Hálfðánarson	SH	00:24,87	14.04.2024	RVK
100m flugsund	Birnir Freyr Hálfðánarson	SH	00:55,22	12.04.2024	RVK
4x100m skriðsund	Kvennasveit Breiðabliks Nadia Djurovic Ásdís Steindórsdóttir Sólveig Freyja Hákonardóttir Freyja Birkisdóttir	Breiðablik	03:57,29	13.04.2024	RVK
4x200m skriðsund	Kvennasveit Breiðabliks Nadia Djurovic Ásdís Steindórsdóttir Sólveig Freyja Hákonardóttir Freyja Birkisdóttir	Breiðablik	08:35,46	12.04.2024	RVK
4x 100m fjórsund	Kvennasveit Breiðabliks Ragnheiður Magnúsdóttir Margrét Anna Lapas	Breiðablik	04:28,74	14.04.2024	RVK

Nadia Djurovic  
Freyja Birkisdóttir

**Aldursflokkamet**

	<b>Nafn:</b>	<b>Félag:</b>	<b>Tími:</b>	<b>Dags:</b>	<b>Staður</b>
<b>Grein :</b>					
50m skriðsund	Stephen Lukas Dunn	ÍRB	00:23,87	09.04.2024	Gold coast
50m skriðsund	Stephen Lukas Dunn	ÍRB	00:23,98	09.04.2024	Gold coast
100m skriðsund	Stephen Lukas Dunn	ÍRB	00:52,55	13.04.2024	Gold coast
100m skriðsund	Stephen Lukas Dunn	ÍRB	00:52,43	13.04.2024	Gold coast
50m bringusund	Stephen Lukas Dunn	ÍRB	00:31,02	10.04.2024	Gold coast
50m flugsund	Stephen Lukas Dunn	ÍRB	00:25,74	11.04.2024	Gold coast
100m flugsund	Stephen Lukas Dunn	ÍRB	00:56,53	08.04.2024	Gold coast

**8. Félagaskipti**

<b>Nafn:</b>	<b>Fyrri félag:</b>	<b>Nýtt félag:</b>	<b>dags. mótt.</b>	<b>Tekur gildi</b>
Alexander Örn Sveinsson	ÍRB	SH	22.04.2024	22.05. 2024

**9. Önnur mál:**

- a. Næsti fundur haldin 29.maí kl: 19

Ekki meira rætt og fundi slitið kl: 20.30